Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2004:1 • 1. apríl 2004

# Héraðsdómar 2003

*District Courts 2003*

*Samantekt*

Eftirfarandi töflur sýna fjölda mála hjá héraðsdómstólum og afgreiðslu þeirra á árinu 2003. Upplýsingar varðandi fyrri ár, allt frá árinu 1993 sem var fyrsta heila árið sem héraðsdómstólar störfuðu, er að finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is. Stærstu málaflokkarnir við héraðsdómstólana eru annars vegar almenn einkamál, sem skiptast í munnlega flutt mál og útivistarmál og hins vegar opinber mál sem skiptast í ákærumál og sektarboðsmál. Eðli málsins samkvæmt eru upplýsingar um fjölda og meðferð mála í almennum einkamálum og opinberum málum umfangsmestar í því efni sem hér birtist. Þriðji stærsti málaflokkurinn eru gjaldþrotamál. Sjá töflu 1 og mynd 1 um fjölda afgreiddra einkamála, opinberra mála og gjaldþrotaskipta á árunum 1993–2003.

Árið 2003 voru 22.397 almenn einkamál afgreidd frá héraðsdómstólum landsins en afgreiðslu þeirra fjölgaði mjög árin 2001–2003 miðað við fyrri ár. Til samanburðar afgreiddu héraðsdómstólar árið 1999 alls 10.698 almenn einkamál. Af almennum einkamálum eru útivistarmál langflest en afgreiðsla þeirra náði hámarki árið 2002 þegar 24.367 mál voru afgreidd en fjöldi þeirra lækkaði í 21.085 árið 2003. Fjöldi munnlega fluttra einkamála hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár og voru 1.312 slík mál afgreidd frá héraðsdómstólum árið 2003. Um 70% allra almennra einkamála er afgreiddur í Héraðsdómi Reykjavíkur, um 15% í Héraðsdómi Reykjaness og álíka hlutfall fyrir alla aðra héraðsdómstóla á landinu og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár.

Árið 2003 voru afgreidd 9.143 opinber mál hjá héraðsdómstólum. Af þeim komu á síðustu 5 árum rúmlega 98% frá lögreglustjóraembættum en 1–2% eða rúmlega 100 mál á ári frá ríkissaksóknara.

Árið 2003 úrskurðuðu héraðsdómstólar í 1.078 gjaldþrotamálum, þar af voru úrskurðir vegna einstaklinga í 390 málum en gjaldþrotaúrskurðir um lögaðila voru 688.

Önnur mál sem upplýsingar eru birtar um eru m.a. rannsóknarúrskurðir, skipti á dánarbúum, fjöldi aðfararbeiðna og fjölda ýmissa annarra smærri mála sem berast héraðsdómstólum.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Einkamál, opinber mál og gjaldþrotaúrskurðir 1993–2003**
*Figure 1. Civil cases, criminal cases and bankruptcy orders 1993–2003*




## Forsaga

Fyrir 1. júlí 1992 gegndu sýslumenn og bæjarfógetar hlutverki lögreglustjóra, voru innheimtumenn ríkissjóðs og jafnframt dómarar og fóru þannig bæði með dómsvald og umboðsvald utan Reykjavíkur. Í Reykjavík fóru borgardómaraembættið, sakadómur Reykjavíkur og borgarfógetaembættið með dómsvald. Hinn 1. júlí 1992 tóku gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Breytingin fól í sér að eiginleg dómsmál voru frá þeim tíma falin átta héraðsdómstólum. Þeir eru kenndir við umdæmi sín sem eru Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Hagstofan hefur safnað upplýsingum um málafjölda og meðferð mála hjá héraðsdómstólum og hafa þær birst í Hagtíðindum ár hvert síðan 1997.

## Almenn einkamál

Einkamál skiptast í fjölmarga undirflokka, en í þessum málum eru það einstaklingarnir sjálfir, eða persónur að lögum, sem höfða mál, gera kröfur, ákveða hvaða gögn skuli lögð fram og hvernig á þeim skuli byggt. Almenn einkamál eru stærsti flokkurinn og skiptast þau í munnlega flutt mál og útivistarmál. Útivistarmál nefnast þau mál þar sem sóknaraðili eða varnaraðili sækir ekki dómþing, eða hvorugur.

*Munnlega flutt mál og útivistarmál*

Fjöldi munnlega fluttra einkamála hefur verið nokkuð stöðugur fyrstu 11 starfsár héraðsdómstólanna (mynd 2). Fæst voru innkomin mál á árinu 1999 en þeim hefur síðan farið fjölgandi og árin 2001–2003 voru þau fleiri en nokkurt annað ár frá því héraðsdómstólarnir tóku til starfa. Meiri sveiflur eru á fjölda útivistarmála og hefur þeim fjölgað mjög síðan á árinu 1997 (mynd 3). Á myndunum sést einnig að næstum öll útivistarmál eru afgreidd innan hvers árs og um 71,7% þeirra mála voru afgreidd innan mánaðar á árinu 2003, en það hlutfall hefur flest árin verið um 60-75%. Málatími munnlega fluttra mála er hins vegar mun lengri (sjá einnig töflur 2 og 3).

**Mynd 2. Munnlega flutt mál**
*Figure 2. Oral proceedings*




**Mynd 3. Útivistarmál**
*Figure 3. Default proceedings*




Frá árinu 1996 hafa um 2/3 hlutar munnlega fluttra mála verið afgreidd innan 9 mánaða, en tæplega 20% þeirra bíða afgreiðslu í eitt ár eða lengur. Um 70% allra almennra einkamála á þessu tímabili hafa verið afgreidd í Héraðsdómi Reykjavíkur og á það bæði við um munnlega flutt mál og útivistarmál (myndir 4 og 5). Um 15% almennra einkamála hafa verið afgreidd í Héraðsdómi Reykjaness þessi ár, en hlutur annarra dómstóla er mun minni. Um og yfir helmingi munnlega fluttra mála lýkur með dómi, en útivistarmálum lýkur ekki með dómi nema í um 6% tilfella á tímabilinu 1993–2003. Um 70% útivistarmála lýkur hins vegar með áritun, sem hefur sömu réttarverkun og dómur (tafla 4). Vakin skal athygli á því varðandi töflur um almenn einkamál, að ekki er ávallt ljóst í upphafi hvort mál verði flokkað sem útivistarmál eða verði munnlega flutt. Getur þetta haft þau áhrif að mál, sem flokkað er sem útivistarmál eitt ár, flokkist sem munnlega flutt árið eftir. Slíkt leiðir óhjákvæmilega til ósamræmis í fjölda óafgreiddra mála í lok árs og í byrjun næsta árs.

**Mynd 4. Afgreiðsla munnlega fluttra mála 1993–2003**
*Figure 4. Oral proceedings 1993–2003*




**Mynd 5. Afgreiðsla útivistarmála 1993–2003**
*Figure 5. Default proceedings 1993–2003*




## Opinber mál

*Mál frá ríkissaksóknara eða lögreglustjóra*

Opinber mál nefnast þau mál er handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt. Opinberum málum er hér skipt í mál frá *ríkissaksóknara* og mál frá *lögreglustjórum*. Tafla 5 sýnir fjölda mála á árinu 2003, en miklar sveiflur hafa verið á tímabilinu 1993–2003 í fjölda þeirra (myndir 6 og 7). Frá og með árinu 1997 fækkaði málum frá ríkissaksóknara mjög mikið, sem rekja má til laga nr. 84/1996 sem breyttu lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála á þann veg að lögreglustjórum var veitt ákæruvald í fleiri brotaflokkum en áður. Með lögum nr. 31/1998 var gerð sú breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að ef sakborningur sinnir ekki sektarboði lögreglu innan 30 daga er heimilt að senda málið héraðsdómara til ákvörðunar um sekt og vararefsingu. Dómari tekur þá ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sama gildi og dómur. Þessi mál eru flokkuð sem opinber mál hjá héraðsdóm-

stólunum og skýrir tilkoma þeirra mikla fjölgun mála frá lögreglustjórum frá árinu 1998.

**Mynd 6. Mál frá ríkissaksóknara**
*Figure 6. Criminal cases filed by the Prosecutor General*




**Mynd 7. Mál frá lögreglustjórum**
*Figure 7. Criminal cases filed by Police Commissioners*




Langflest opinber mál eru afgreidd innan eins árs, yfir 95% mála frá ríkissaksóknara og næstum öll mál frá lögreglustjórum. Hins vegar hefur málatími lengst í báðum tilfellum eins og fram kemur í töflu 6, sem sýnir þróun frá 1993. Opinberum málum frá ríkissaksóknara lýkur í 80–90% tilfella með dómum en um 70% mála frá lögreglustjórum lýkur nú með árituðum sektarboðum, sbr. það sem áður hefur komið fram um lög nr. 84/1996 (sjá töflu 7). Yfir helmingur mála frá ríkissaksóknara hafa verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur á tímabilinu. Hlutfall Héraðsdóms Reykjavíkur í afgreiðslu mála frá lögreglustjórum er hins vegar 44% (sjá myndir 8 og 9). Í Héraðsdómi Reykjaness hafa 18% heildarfjölda mála frá ríkissaksóknara verið afgreidd og 27% mála frá lögreglustjórum.

**Mynd 8. Afgreiðsla mála frá ríkissaksóknara 1993–2003**
*Figure 8. Criminal cases filed by the Prosecutor General 1993–2003*




**Mynd 9. Afgreiðsla mála frá lögreglustjórum 1993–2003**
*Figure 9. Criminal cases filed by Police Commissioners 1993–2003*



## Önnur mál

*Gjaldþrotamál*

Af öðrum málaflokkum eru gjaldþrotamál einna fyrirferðarmest. Þeim er hér skipt í gjaldþrotamál einstaklinga og gjaldþrotamál lögaðila. Á tímabilinu 1993–2003 náðu gjaldþrotaúrskurðir einstaklinga hámarki á árinu 1995 en lágmarki árið 2001. Gjaldþrotaúrskurðir lögaðila á þessu tímabili eru hins vegar flestir á árinu 2003, en voru í lágmarki árin 1997–1999 (mynd 10). Sjá einnig töflur 8 og 9 um afgreiðslu mála 2003, en þar kemur fram, sem á við öll árin, að fjöldi krafna til héraðsdómstóla um gjaldþrotaskipti er mun meiri og er mikið um að kröfur séu afturkallaðar.

**Mynd 10. Úrskurðir um gjaldþrot 1993–2003**
*Figure 10. Bankruptcy orders 1993–2003*




*Rannsóknarúrskurðir*

Undir þennan flokk eru felld ýmiss konar mál sem dómstólar fá til meðferðar í tengslum við lögreglurannsóknir. Hér er þessum málum skipt í gæsluvarðhald, húsleit, handtöku og annað, en þar á meðal eru úrskurðir um hlerun, svo og skýrslutökur af börnum vegna kynferðisbrota. Mikla aukningu í því sem fellur undir annað má m.a. rekja til laga nr. 36/1999 sem breyttu lögum um meðferð opinberra mála á þann hátt að dómurum var falið að annast skýrslutökur af börnum vegna rannsókna á meintum kynferðisbrotum. Þá hefur úrskurðum um símhleranir og þess háttar aðgerðir í tengslum við rannsókn umfangsmikilla fíkniefnabrota fjölgað verulega á síðustu árum. Sjá mynd 11 og töflu 10 sem sýnir innkomin mál á árinu 2003.

**Mynd 11. Rannsóknarúrskurðir, fjöldi innkominna mála 1993–2003**
*Figure 11. Criminal investigation court orders, received cases 1993–2003*




*Aðrir smærri málaflokkar*

Tafla 11 sýnir opinber skipti á dánarbúum, fjárslit hjóna, sambúðarfólks og félaga á árinu 2003. Tafla 12 sýnir fjölda aðfararbeiðna á árinu 2003 og töflur 13 og 14 sýna fjölda innkominna mála í ýmsum öðrum málaflokkum. Varðandi tölur fyrir fyrri ár er hér ítrekað vísað til vefs Hagstofunnar www.hagstofa.is.

**Tafla 1. Afgreidd mál frá héraðsdómum 1993–2003**
*Table 1. Cases concluded in District Courts 1993–2003*

| | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Almenn einkamál** ***Civil cases*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 13.604 | 13.339 | 10.741 | 9.415 | 8.773 | 8.918 | 10.698 | 13.645 | 19.584 | 25.678 | 22.397 |
| Munnlega flutt mál *Oral proceedings* | 1.381 | 1.409 | 1.129 | 1.246 | 1.097 | 1.115 | 1.003 | 1.091 | 1.265 | 1.311 | 1.312 |
| Útivistarmál *Default proceedings* | 12.223 | 11.930 | 9.612 | 8.169 | 7.676 | 7.803 | 9.695 | 12.554 | 18.319 | 24.367 | 21.085 |
| **Opinber mál** ***Criminal cases*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 1.704 | 2.054 | 2.401 | 2.142 | 1.867 | 4.405 | 7.460 | 6.820 | 7.821 | 9.653 | 9.143 |
| Frá ríkissaksóknara *From the State Prosecutor* | 794 | 668 | 710 | 707 | 451 | 209 | 108 | 114 | 105 | 124 | 116 |
| Frá lögreglustjórum *From Police Commissioners* | 910 | 1.386 | 1.691 | 1.435 | 1.416 | 4.196 | 7.352 | 6.706 | 7.716 | 9.529 | 9.027 |
| **Gjaldþrotaúrskurðir** ***Bankruptcy orders*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 935 | 1.265 | 1.283 | 859 | 726 | 712 | 671 | 769 | 671 | 938 | 1.078 |
| Einstaklingar *Of individuals* | 414 | 722 | 871 | 553 | 474 | 462 | 420 | 464 | 296 | 365 | 390 |
| Lögaðilar *Of legal persons* | 521 | 543 | 412 | 306 | 252 | 250 | 251 | 305 | 375 | 573 | 688 |

**Tafla 2. Almenn einkamál 2003**
*Table 2. Civil cases 2003*

| | Fjöldi mála til afgreiðslu *Number of cases before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla *Distribution between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases received* | Eldri mál *Older cases* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Samtals einkamál** ***Total civil cases*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **24.667** | **21.917** | **2.750** | **22.397** | **2.269** | **90,8** | **9,2** | **100,0** |
| Reykjavík | 17.193 | 15.020 | 2.173 | 15.507 | 1.685 | 90,2 | 9,8 | 69,7 |
| Reykjanes | 3.832 | 3.569 | 263 | 3.598 | 234 | 93,9 | 6,1 | 15,5 |
| Vesturland | 590 | 550 | 40 | 516 | 74 | 87,5 | 12,5 | 2,4 |
| Vestfirðir | 414 | 392 | 22 | 334 | 80 | 80,7 | 19,3 | 1,7 |
| Norðurland vestra | 254 | 241 | 13 | 230 | 24 | 90,6 | 9,4 | 1,0 |
| Norðurland eystra | 829 | 757 | 72 | 771 | 58 | 93,0 | 7,0 | 3,4 |
| Austurland | 328 | 309 | 19 | 313 | 15 | 95,4 | 4,6 | 1,3 |
| Suðurland | 1.227 | 1.079 | 148 | 1.128 | 99 | 91,9 | 8,1 | 5,0 |
| **Munnlega flutt mál** ***Orally pleaded*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **2.082** | **1.394** | **688** | **1.312** | **762** | **63,0** | **36,6** | **100,0** |
| Reykjavík | 1.414 | 928 | 486 | 891 | 520 | 63,0 | 36,8 | 67,9 |
| Reykjanes | 338 | 249 | 89 | 239 | 98 | 70,7 | 29,0 | 16,2 |
| Vesturland | 49 | 41 | 8 | 36 | 13 | 73,5 | 26,5 | 2,4 |
| Vestfirðir | 61 | 51 | 10 | 20 | 41 | 32,8 | 67,2 | 2,9 |
| Norðurland vestra | 22 | 12 | 10 | 7 | 15 | 31,8 | 68,2 | 1,1 |
| Norðurland eystra | 72 | 38 | 34 | 41 | 30 | 56,9 | 41,7 | 3,5 |
| Austurland | 15 | 9 | 6 | 6 | 9 | 40,0 | 60,0 | 0,7 |
| Suðurland | 111 | 66 | 45 | 72 | 36 | 64,9 | 32,4 | 5,3 |
| **Útivistarmál** ***Concluded on the basis of default*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **22.585** | **20.523** | **2.062** | **21.085** | **1.507** | **93,4** | **6,7** | **100,0** |
| Reykjavík | 15.779 | 14.092 | 1.687 | 14.616 | 1.165 | 92,6 | 7,4 | 69,9 |
| Reykjanes | 3.494 | 3.320 | 174 | 3.359 | 136 | 96,1 | 3,9 | 15,5 |
| Vesturland | 541 | 509 | 32 | 480 | 61 | 88,7 | 11,3 | 2,4 |
| Vestfirðir | 353 | 341 | 12 | 314 | 39 | 89,0 | 11,0 | 1,6 |
| Norðurland vestra | 232 | 229 | 3 | 223 | 9 | 96,1 | 3,9 | 1,0 |
| Norðurland eystra | 757 | 719 | 38 | 730 | 28 | 96,4 | 3,7 | 3,4 |
| Austurland | 313 | 300 | 13 | 307 | 6 | 98,1 | 1,9 | 1,4 |
| Suðurland | 1.116 | 1.013 | 103 | 1.056 | 63 | 94,6 | 5,6 | 4,9 |

**Tafla 3. Almenn einkamál. Hlutfall afgreiddra mála eftir málatíma 1993–2003**

*Table 3. Civil cases. Proportion of concluded cases by length of proceedings 1993–2003*

| | 0–3 mánuðir *months* | ≥3–6 mánuðir *months* | ≥ 6–9 mánuðir *months* | ≥ 9–12 mánuðir *months* | ≥ 1–2 ár *years* | ≥ 2–3 ár *years* | ≥ 3 ár *years* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Munnlega flutt mál** | | | | | | | |
| ***Orally pleaded*** | | | | | | | |
| 1993 | 8,4 | 22,4 | 18,7 | 13,3 | 31,1 | 4,1 | 2,1 |
| 1994 | 10,6 | 25,6 | 21,5 | 14,6 | 21,5 | 4,0 | 2,3 |
| 1995 | 9,1 | 24,5 | 23,9 | 15,2 | 18,4 | 5,5 | 3,3 |
| 1996 | 9,0 | 26,4 | 28,6 | 15,7 | 14,6 | 4,7 | 1,0 |
| 1997 | 12,7 | 25,7 | 28,8 | 15,9 | 13,9 | 1,7 | 1,4 |
| 1998 | 7,9 | 27,4 | 31,2 | 16,7 | 15,1 | 1,2 | 0,5 |
| 1999 | 8,3 | 26,5 | 32,7 | 16,7 | 13,3 | 1,9 | 0,7 |
| 2000 | 10,4 | 26,5 | 30,3 | 15,9 | 14,2 | 2,4 | 0,2 |
| 2001 | 8,9 | 28,7 | 30,5 | 15,1 | 14,1 | 1,3 | 1,4 |
| 2002 | 10,5 | 31,8 | 29,2 | 15,6 | 11,2 | 1,7 | 0,1 |
| 2003 | 9,7 | 27,0 | 28,6 | 17,3 | 16,0 | 1,3 | 0,2 |

| | 0–30 dagar *days* | 31–60 dagar *days* | 61–90 dagar *days* | ≥ 3–6 mánuðir *months* | ≥ 6–9 mánuðir *months* | ≥ 9–12 mánuðir *months* | ≥ 1 ár *year* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Útivistarmál** | | | | | | | |
| ***Cases concluded on the basis of default*** | | | | | | | |
| 1993 | 60,6 | 19,9 | 9,6 | 8,0 | 0,9 | 0,2 | 0,8 |
| 1994 | 67,5 | 14,9 | 7,5 | 7,8 | 1,7 | 0,5 | 0,2 |
| 1995 | 68,5 | 15,4 | 7,4 | 6,9 | 1,4 | 0,3 | 0,1 |
| 1996 | 71,6 | 13,5 | 6,7 | 6,3 | 1,3 | 0,4 | 0,2 |
| 1997 | 74,9 | 12,9 | 6,1 | 4,6 | 0,7 | 0,5 | 0,3 |
| 1998 | 74,5 | 13,1 | 7,7 | 4,1 | 0,4 | 0,0 | 0,0 |
| 1999 | 57,4 | 26,4 | 8,8 | 6,5 | 0,6 | 0,1 | 0,1 |
| 2000 | 53,5 | 26,8 | 11,1 | 7,0 | 1,4 | 0,1 | 0,1 |
| 2001 | 64,2 | 16,0 | 9,7 | 7,2 | 1,8 | 0,7 | 0,4 |
| 2002 | 75,6 | 11,5 | 6,3 | 4,7 | 0,8 | 0,4 | 0,6 |
| 2003 | 71,7 | 14,2 | 7,4 | 4,8 | 1,0 | 0,4 | 0,4 |

**Tafla 4. Almenn einkamál. Afgreiðsla mála 2003**
*Table 4. Outcome of civil cases 2003*

| | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land | Alls *Total* | Hlutfall af afgr. málum, *Concl. cases, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | | | | | | | | | | |
| Dómar *Judgments* | 1.061 | 190 | 41 | 27 | 16 | 49 | 19 | 130 | 1.533 | 6,9 |
| Áritanir *Indorsements* | 10.682 | 2.499 | 369 | 254 | 184 | 621 | 248 | 817 | 15.674 | 70,2 |
| Frávísanir *Dismissals* | 49 | 12 | – | 13 | 1 | – | 2 | 4 | 81 | 0,4 |
| Sáttir *Conciliations* | 2.234 | 554 | 40 | 12 | 22 | 69 | 18 | 75 | 3.024 | 13,5 |
| Niðurf. mál *Cases withdr.* | 1.478 | 298 | 66 | 27 | 7 | 32 | 26 | 97 | 2.031 | 9,1 |
| Sameinuð mál | | | | | | | | | | |
| *Cases consolidated* | 3 | 45 | – | 1 | – | – | – | 5 | | 0,0 |
| **Samtals** ***Total*** | **15.507** | **3.598** | **516** | **334** | **230** | **771** | **313** | **1.128** | **22.343** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 69,4 | 16,1 | 2,3 | 1,5 | 1,0 | 3,5 | 1,4 | 5,0 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. | | | | | | | | | | |
| *Cases pending* | 1.685 | 234 | 74 | 80 | 24 | 58 | 15 | 99 | 2.269 | |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 74,3 | 10,3 | 3,3 | 3,5 | 1,1 | 2,6 | 0,7 | 4,4 | 100,0 | |
| **Munnlega flutt mál** | | | | | | | | | | |
| ***Oral proceedings*** | | | | | | | | | | |
| Dómar *Judgments* | 455 | 101 | 23 | 10 | 5 | 34 | 4 | 43 | 675 | 51,4 |
| Áritanir *Indorsements* | 2 | – | – | – | – | – | – | – | 2 | 0,2 |
| Frávísanir *Dismissals* | 46 | 12 | – | 2 | – | – | – | 2 | 62 | 4,7 |
| Sáttir *Conciliations* | 136 | 70 | 5 | 2 | 1 | 2 | – | 10 | 226 | 17,2 |
| Niðurf. mál *Cases withdr.* | 250 | 54 | 8 | 5 | 1 | 5 | 2 | 14 | 339 | 25,8 |
| Sameinuð mál | | | | | | | | | | |
| *Cases consolidated* | 2 | 2 | – | 1 | – | – | – | 3 | 8 | 0,6 |
| **Samtals** ***Total*** | **891** | **239** | **36** | **20** | **7** | **41** | **6** | **72** | **1.312** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 67,9 | 18,2 | 2,7 | 1,5 | 0,5 | 3,1 | 0,5 | 5,5 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. | | | | | | | | | | |
| *Cases pending* | 520 | 98 | 13 | 41 | 15 | 30 | 9 | 36 | 762 | |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 68,2 | 12,9 | 1,7 | 5,4 | 2,0 | 3,9 | 1,2 | 4,7 | 100,0 | |
| **Útivistarmál** | | | | | | | | | | |
| ***Default proceedings*** | | | | | | | | | | |
| Dómar *Judgments* | 606 | 89 | 18 | 17 | 11 | 15 | 15 | 87 | 858 | 4,1 |
| Áritanir *Indorsements* | 10.680 | 2.499 | 369 | 254 | 184 | 621 | 248 | 817 | 15.672 | 74,3 |
| Frávísanir *Dismissals* | 3 | – | – | 11 | 1 | – | 2 | 2 | 19 | 0,1 |
| Sáttir *Conciliations* | 2.098 | 484 | 35 | 10 | 21 | 67 | 18 | 65 | 2.798 | 13,3 |
| Niðurf. mál *Cases withdr.* | 1.228 | 244 | 58 | 22 | 6 | 27 | 24 | 83 | 1.692 | 8,0 |
| Sameinuð mál | | | | | | | | | | |
| *Cases consolidated* | 1 | 43 | – | – | – | – | – | 2 | 46 | 0,2 |
| **Samtals** ***Total*** | **14.616** | **3.359** | **480** | **314** | **223** | **730** | **307** | **1.056** | **21.085** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 69,3 | 15,9 | 2,3 | 1,5 | 1,1 | 3,5 | 1,5 | 5,0 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. | | | | | | | | | | |
| *Cases pending* | 1.165 | 136 | 61 | 39 | 9 | 28 | 6 | 63 | 1.507 | |
| Hlutfallsleg skipting | | | | | | | | | | |
| *Percent distribution* | 77,3 | 9,0 | 4,0 | 2,6 | 0,6 | 1,9 | 0,4 | 4,2 | 100,0 | |

**Tafla 5. Opinber mál 2003**
*Table 5. Criminal cases 2003*

| | Fjöldi mála til afgreiðslu *Number of cases before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla, *Distrib. between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases receivecd* | Eldri mál *Older cases* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Opinber mál samtals** ***Criminal cases total*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **9.880** | **9.203** | **677** | **9.143** | **737** | **92,5** | **7,5** | **100,0** |
| Reykjavík | 3.854 | 3.621 | 233 | 3.647 | 207 | 94,6 | 5,4 | 39,0 |
| Reykjanes | 2.464 | 2.392 | 72 | 2.411 | 53 | 97,8 | 2,2 | 24,9 |
| Vesturland | 713 | 683 | 30 | 598 | 115 | 83,9 | 16,1 | 7,2 |
| Vestfirðir | 329 | 309 | 20 | 280 | 49 | 85,1 | 14,9 | 3,3 |
| Norðurland vestra | 457 | 418 | 39 | 421 | 36 | 92,1 | 7,9 | 4,6 |
| Norðurland eystra | 622 | 561 | 61 | 557 | 65 | 89,5 | 10,5 | 6,3 |
| Austurland | 285 | 231 | 54 | 252 | 33 | 88,4 | 11,6 | 2,9 |
| Suðurland | 1.156 | 988 | 168 | 977 | 179 | 84,5 | 15,5 | 11,7 |
| **Mál frá ríkissaksóknara** ***Criminal cases filed by the Prosecutor General*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **157** | **123** | **34** | **116** | **41** | **73,9** | **26,1** | **100,0** |
| Reykjavík | 82 | 58 | 24 | 63 | 19 | 76,8 | 23,2 | 52,2 |
| Reykjanes | 33 | 31 | 2 | 27 | 6 | 81,8 | 18,2 | 21,0 |
| Vesturland | 11 | 10 | 1 | 5 | 6 | 45,5 | 54,5 | 7,0 |
| Vestfirðir | 8 | 6 | 2 | 7 | 1 | 87,5 | 12,5 | 5,1 |
| Norðurland vestra | 2 | 1 | 1 | 2 | – | 100,0 | – | 1,3 |
| Norðurland eystra | 12 | 10 | 2 | 6 | 6 | 50,0 | 50,0 | 7,6 |
| Austurland | 4 | 3 | 1 | 2 | 2 | 50,0 | 50,0 | 2,5 |
| Suðurland | 5 | 4 | 1 | 4 | 1 | 80,0 | 20,0 | 3,2 |
| **Mál frá lögreglustjórum** ***Criminal cases filed by Police Commissioners*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **9.723** | **9.080** | **643** | **9.027** | **696** | **92,8** | **7,2** | **100,0** |
| Reykjavík | 3.772 | 3.563 | 209 | 3.584 | 188 | 95,0 | 5,0 | 38,8 |
| Reykjanes | 2.431 | 2.361 | 70 | 2.384 | 47 | 98,1 | 1,9 | 25,0 |
| Vesturland | 702 | 673 | 29 | 593 | 109 | 84,5 | 15,5 | 7,2 |
| Vestfirðir | 321 | 303 | 18 | 273 | 48 | 85,0 | 15,0 | 3,3 |
| Norðurland vestra | 455 | 417 | 38 | 419 | 36 | 92,1 | 7,9 | 4,7 |
| Norðurland eystra | 610 | 551 | 59 | 551 | 59 | 90,3 | 9,7 | 6,3 |
| Austurland | 281 | 228 | 53 | 250 | 31 | 89,0 | 11,0 | 2,9 |
| Suðurland | 1.151 | 984 | 167 | 973 | 178 | 84,5 | 15,5 | 11,8 |

**Tafla 6. Opinber mál. Hlutfall afgreiddra mála eftir málatíma 1993–2003**

*Table 6. Criminal cases. Proportion of concluded cases by length of proceedings 1993–2003*

| | 0–30 dagar *days* | 31–60 dagar *days* | 61–90 dagar *days* | >3–6 mánuðir *months* | ≥ 6–9 mánuðir *months* | ≥ 9–12 mánuðir *months* | ≥ 1ár |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál frá ríkissaksóknara** *Criminal cases filed by the Prosecutor General* | | | | | | | |
| 1993 | 40,9 | 25,2 | 10,5 | 13,1 | 3,3 | 2,8 | 4,3 |
| 1994 | 45,1 | 24,9 | 13,2 | 11,1 | 3,9 | 1,6 | 0,3 |
| 1995 | 32,5 | 29,6 | 14,9 | 16,2 | 3,7 | 1,0 | 2,1 |
| 1996 | 33,8 | 27,7 | 12,9 | 17,3 | 4,7 | 1,6 | 2,1 |
| 1997 | 26,8 | 23,1 | 18,8 | 20,0 | 5,3 | 2,0 | 4,0 |
| 1998 | 16,3 | 20,1 | 17,7 | 27,3 | 8,1 | 2,9 | 7,7 |
| 1999 | 9,3 | 28,7 | 17,6 | 29,6 | 5,6 | 4,6 | 4,6 |
| 2000 | 11,4 | 23,7 | 16,7 | 30,7 | 11,4 | 1,8 | 4,4 |
| 2001 | 8,6 | 13,3 | 17,1 | 44,8 | 10,5 | 2,9 | 2,9 |
| 2002 | 10,5 | 20,2 | 16,1 | 32,3 | 14,5 | 3,2 | 3,2 |
| 2003 | 11,2 | 19,8 | 11,2 | 39,7 | 8,6 | 4,3 | 5,2 |
| **Mál frá lögreglustjórum** *Criminal cases filed by Police Commissioners* | | | | | | | |
| 1993 | 53,3 | 24,4 | 9,1 | 11,9 | 1,0 | 0,3 | 0,0 |
| 1994 | 70,8 | 15,7 | 5,6 | 5,6 | 1,5 | 0,6 | 0,3 |
| 1995 | 63,3 | 22,2 | 7,7 | 4,9 | 0,8 | 0,2 | 0,8 |
| 1996 | 64,4 | 19,6 | 6,8 | 7,2 | 1,0 | 0,3 | 0,8 |
| 1997 | 58,8 | 21,2 | 8,3 | 8,3 | 2,0 | 0,3 | 1,1 |
| 1998 | 59,7 | 19,9 | 5,8 | 10,9 | 2,8 | 0,6 | 0,3 |
| 1999 | 52,0 | 20,6 | 7,9 | 16,1 | 2,3 | 0,5 | 0,6 |
| 2000 | 54,2 | 19,3 | 7,1 | 14,1 | 3,5 | 1,1 | 0,7 |
| 2001 | 33,0 | 17,6 | 20,2 | 23,3 | 3,2 | 1,5 | 1,2 |
| 2002 | 41,5 | 14,0 | 16,7 | 19,2 | 5,3 | 1,7 | 1,5 |
| 2003 | 36,7 | 14,9 | 14,4 | 24,2 | 6,8 | 1,6 | 1,4 |

**Tafla 7. Opinber mál. Afgreiðsla mála 2003**
*Table 7. Outcome of criminal cases 2003*

| | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land | Alls *Total cases* | Hlutfall af afgr. málum *Concl. cases, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál frá ríkissaksóknara** | | | | | | | | | | |
| ***Cases filed by the Prosecutor General*** | | | | | | | | | | |
| Dómar *Judgments* | 54 | 21 | 5 | 5 | 2 | 5 | 2 | 4 | 98 | 84,5 |
| Sektargerðir dómara | | | | | | | | | | – |
| *Conclusions by fine without judgment* | 2 | – | – | 2 | – | 1 | – | – | 5 | 4,3 |
| Frávísanir *Dismissals* | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Niðurfelldar ákærur *Indictments withdrawn* | 1 | 2 | – | – | – | – | – | – | 3 | 2,6 |
| Endursendar ákærur *Indictments returned* | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Afturköllun eftir úthlutun | | | | | | | | | | |
| *Revocations after assignment* | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Afturköllun fyrir úthlutun | | | | | | | | | | |
| *Revocations before assignment* | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Sameinaðar ákærur *Joinder of indictments* | 6 | 4 | – | – | – | – | – | – | 10 | 8,6 |
| Sundurskilin mál | | | | | | | | | | |
| *Severance of indictments* | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| **Samtals *Total*** | **63** | **27** | **5** | **7** | **2** | **6** | **2** | **4** | **116** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 54,3 | 23,3 | 4,3 | 6,0 | 1,7 | 5,2 | 1,7 | 3,4 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. *Cases pending 31.12.* | 19 | 6 | 6 | 1 | – | 6 | 2 | 1 | 41 | |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 46,3 | 14,6 | 14,6 | 2,4 | – | 14,6 | 4,9 | 2,4 | 100,0 | |
| **Mál frá lögreglustjórum** | | | | | | | | | | |
| ***Cases filed by Police Commissioners 2003*** | | | | | | | | | | |
| Dómar *Judgments* | 706 | 328 | 83 | 68 | 75 | 232 | 56 | 124 | 1.672 | 18,5 |
| Sektargerðir dómara | | | | | | | | | | |
| *Conclusions by fine without judgment* | 277 | 153 | 43 | 12 | 3 | 40 | 26 | 30 | 584 | 6,5 |
| Frávísanir *Dismissals* | 1 | – | – | – | – | 2 | – | – | 3 | 0,0 |
| Niðurfelldar ákærur *Indictments withdrawn* | 12 | 9 | – | – | – | 5 | – | 1 | 27 | 0,3 |
| Endursendar ákærur *Indictments returned* | 12 | 2 | – | – | – | 1 | – | 5 | 20 | 0,2 |
| Afturköllun eftir úthlutun | | | | | | | | | | |
| *Revocations after assignment* | 8 | 37 | 32 | 24 | 24 | 50 | 6 | 30 | 211 | 2,3 |
| Afturköllun fyrir úthlutun | | | | | | | | | | |
| *Revocations before assignment* | – | – | – | 1 | – | – | – | 2 | 3 | 0,0 |
| Sameinaðar ákærur *Joinder of indictments* | 82 | 17 | 4 | 3 | 9 | 19 | 3 | 1 | 138 | 1,5 |
| Sektarboð *Fine notices:* | | | | | | | | | | |
| Árituð *Indorsements* | 2.484 | 1.797 | 417 | 149 | 298 | 180 | 154 | 778 | 6.257 | 69,3 |
| Afturkölluð *Revocations* | 2 | 41 | 1 | 14 | 10 | 20 | 3 | 2 | 93 | 1,0 |
| Áritun hafnað *Dismissals* | – | – | 13 | 2 | – | 2 | 2 | – | 19 | 0,2 |
| **Samtals *Total*** | **3.584** | **2.384** | **593** | **273** | **419** | **551** | **250** | **973** | **9.027** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 39,7 | 26,4 | 6,6 | 3,0 | 4,6 | 6,1 | 2,8 | 10,8 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. *Cases pending 31.12.* | 188 | 47 | 109 | 48 | 36 | 59 | 31 | 178 | 696 | |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 27,0 | 6,8 | 15,7 | 6,9 | 5,2 | 8,5 | 4,5 | 25,6 | 100,0 | |

**Tafla 8. Kröfur um gjaldþrotaskipti 2003**
*Table 8. Bankruptcy petitions 2003*

| | Fjöldi krafna til afgreiðslu *Number of petitions before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla *Distribution between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases received* | Eldri mál *Older* cases | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Samtals gjaldþrotaskipti** | | | | | | | | |
| ***Bankruptcy petitions total*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **3.425** | **2.677** | **748** | **3.066** | **359** | **89,5** | **10,5** | **100,0** |
| Reykjavík | 1.962 | 1.364 | 598 | 1.721 | 241 | 87,7 | 12,3 | 57,3 |
| Reykjanes | 805 | 740 | 65 | 722 | 83 | 89,7 | 10,3 | 23,5 |
| Vesturland | 88 | 79 | 9 | 87 | 1 | 98,9 | 1,1 | 2,6 |
| Vestfirðir | 84 | 69 | 15 | 78 | 6 | 92,9 | 7,1 | 2,5 |
| Norðurland vestra | 35 | 33 | 2 | 33 | 2 | 94,3 | 5,7 | 1,0 |
| Norðurland eystra | 142 | 124 | 18 | 130 | 12 | 91,5 | 8,5 | 4,1 |
| Austurland | 105 | 94 | 11 | 103 | 2 | 98,1 | 1,9 | 3,1 |
| Suðurland | 204 | 174 | 30 | 192 | 12 | 94,1 | 5,9 | 6,0 |
| **Einstaklingar** | | | | | | | | |
| ***Private persons*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **1.182** | **919** | **263** | **1.064** | **118** | **90,0** | **10,0** | **100,0** |
| Reykjavík | 556 | 364 | 192 | 481 | 75 | 86,5 | 13,5 | 47,0 |
| Reykjanes | 338 | 305 | 33 | 313 | 25 | 92,6 | 7,4 | 28,6 |
| Vesturland | 32 | 29 | 3 | 32 | – | 100,0 | – | 2,7 |
| Vestfirðir | 36 | 24 | 12 | 33 | 3 | 91,7 | 8,3 | 3,0 |
| Norðurland vestra | 11 | 10 | 1 | 11 | – | 100,0 | – | 0,9 |
| Norðurland eystra | 72 | 66 | 6 | 66 | 6 | 91,7 | 8,3 | 6,1 |
| Austurland | 50 | 45 | 5 | 50 | – | 100,0 | – | 4,2 |
| Suðurland | 87 | 76 | 11 | 78 | 9 | 89,7 | 10,3 | 7,4 |
| **Lögaðilar** | | | | | | | | |
| ***Legal persons*** | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **2.243** | **1.758** | **485** | **2.002** | **241** | **89,3** | **10,7** | **100,0** |
| Reykjavík | 1.406 | 1.000 | 406 | 1.240 | 166 | 88,2 | 11,8 | 62,7 |
| Reykjanes | 467 | 435 | 32 | 409 | 58 | 87,6 | 12,4 | 20,8 |
| Vesturland | 56 | 50 | 6 | 55 | 1 | 98,2 | 1,8 | 2,5 |
| Vestfirðir | 48 | 45 | 3 | 45 | 3 | 93,8 | 6,3 | 2,1 |
| Norðurland vestra | 24 | 23 | 1 | 22 | 2 | 91,7 | 8,3 | 1,1 |
| Norðurland eystra | 70 | 58 | 12 | 64 | 6 | 91,4 | 8,6 | 3,1 |
| Austurland | 55 | 49 | 6 | 53 | 2 | 96,4 | 3,6 | 2,5 |
| Suðurland | 117 | 98 | 19 | 114 | 3 | 97,4 | 2,6 | 5,2 |

## Tafla 9. Afgreiðsla krafna um gjaldþrotaskipti 2003
*Table 9. Conclusion of petitions for bankruptcy 2003*

| | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land | Alls *Total* | Hlutfall af afgr. málum *Concl. cases, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | | | | | | | | | | |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 527 | 233 | 40 | 30 | 25 | 72 | 57 | 94 | 1.078 | 35,2 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | – | – | – | 9 | – | 2 | – | – | 11 | 0,4 |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 13 | – | – | – | 1 | – | 1 | 7 | 22 | 0,7 |
| Frávísanir *Dismissals* | 53 | 10 | – | 2 | – | 1 | 2 | – | 68 | 2,2 |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 700 | 444 | 47 | 36 | 7 | 51 | 41 | 78 | 1.404 | 45,8 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | 2 | 0,1 |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| *Petitions forwarded to other courts* | 44 | 35 | – | 1 | – | 1 | 1 | 4 | 86 | 2,8 |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 383 | – | – | – | – | 3 | 1 | 8 | 395 | 12,9 |
| **Samtals** ***Total*** | **1.721** | **722** | **87** | **78** | **33** | **130** | **103** | **192** | **3.066** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 51,1 | 28,2 | 2,9 | 2,9 | 1,1 | 4,3 | 3,6 | 5,9 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. *Cases pending 31.12.* | 241 | 83 | 1 | 6 | 2 | 12 | 2 | 12 | 359 | |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 73,1 | 12,5 | 1,1 | 4,5 | 0,4 | 2,3 | 1,9 | 4,2 | 100,0 | |
| **Einstaklingar** ***Private persons*** | | | | | | | | | | |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 153 | 90 | 15 | 12 | 7 | 35 | 33 | 45 | 390 | 36,7 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 1 | 0,1 |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 2 | – | – | – | – | – | 1 | 3 | 6 | 0,6 |
| Frávísanir *Dismissals* | 24 | 7 | – | 1 | – | 1 | – | – | 33 | 3,1 |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 246 | 200 | 17 | 19 | 4 | 28 | 15 | 22 | 551 | 51,8 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | – | – | – | – | – | – | – | 1 | 1 | 0,1 |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | | | | | | | | | | |
| *Petitions forwarded to other courts* | 23 | 16 | – | – | – | – | 1 | 3 | 43 | 4,0 |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 33 | – | – | – | – | 2 | – | 4 | 39 | 3,7 |
| **Samtals** ***Total*** | **481** | **313** | **32** | **33** | **11** | **66** | **50** | **78** | **1.064** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 45,2 | 29,4 | 3,0 | 3,1 | 1,0 | 6,2 | 4,7 | 7,3 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. *Cases pending 31.12.* | 75 | 25 | – | 3 | – | 6 | – | 9 | 118 | |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 63,6 | 21,2 | – | 2,5 | – | 5,1 | – | 7,6 | 100,0 | |
| **Lögaðilar** ***Legal persons*** | | | | | | | | | | |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 374 | 143 | 25 | 18 | 18 | 37 | 24 | 49 | 688 | 34,4 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | – | – | – | 8 | – | 2 | – | – | 10 | 0,5 |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 11 | – | – | – | 1 | – | – | 4 | 16 | 0,8 |
| Frávísanir *Dismissals* | 29 | 3 | – | 1 | – | – | 2 | – | 35 | 1,7 |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 454 | 244 | 30 | 17 | 3 | 23 | 26 | 56 | 853 | 42,6 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | 0,0 |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | | | | | | | | | | |
| *Petitions forwarded to other courts* | 21 | 19 | – | 1 | – | 1 | – | 1 | 43 | 2,1 |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 350 | – | – | – | – | 1 | 1 | 4 | 356 | 17,8 |
| **Samtals** ***Total*** | **1.240** | **409** | **55** | **45** | **22** | **64** | **53** | **114** | **2.002** | **100,0** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 61,9 | 20,4 | 2,7 | 2,2 | 1,1 | 3,2 | 2,6 | 5,7 | 100,0 | |
| Óafgreitt 31.12. *Cases pending 31.12.* | 166 | 58 | 1 | 3 | 2 | 6 | 2 | 3 | 241 | |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distr.* | 68,9 | 24,1 | 0,4 | 1,2 | 0,8 | 2,5 | 0,8 | 1,2 | 100,0 | |

**Tafla 10. Rannsóknarúrskurðir. Fjöldi innkominna mála 1993–2003**
*Table 10. Criminal investigation court orders. Received cases 1993–2003*

| | Gæsluvarðhald *Detentive custody* | Húsleit *Search warrants* | Handtaka *Arrest* | Annað *Other* |
|---|---|---|---|---|
| 1993 | 137 | 133 | 6 | 50 |
| 1994 | 121 | 111 | 6 | 54 |
| 1995 | 118 | 125 | 1 | 57 |
| 1996 | 180 | 118 | 4 | 52 |
| 1997 | 212 | 114 | 4 | 110 |
| 1998 | 129 | 95 | 3 | 113 |
| 1999 | 185 | 122 | 3 | 308 |
| 2000 | 228 | 109 | 7 | 374 |
| 2001 | 209 | 127 | 3 | 430 |
| 2002 | 243 | 132 | 6 | 461 |
| 2003 | 174 | 150 | 4 | 433 |

**Tafla 11. Opinber skipti á dánarbúum o.fl. Fjöldi innkominna beiðna 2003**
*Table 11. Public administration of estates of deceased persons, etc. Number of petitions received 2003*

| | Alls *Total* | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dánarbú *Estates of deceased persons* | 70 | 45 | 3 | 5 | 4 | – | 5 | 2 | 6 |
| Fjárslit hjóna *Settlement of property between spouses* | 24 | 9 | 3 | – | – | 3 | 1 | 1 | 7 |
| Fjárslit sambúðarfólks *Settlement of property between cohabiting partners* | 11 | 7 | 3 | – | – | 1 | – | – | – |
| Slit félaga *Liquidation of companies* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| **Samtals *Total*** | **105** | **61** | **9** | **5** | **4** | **4** | **6** | **3** | **13** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 100,0 | 58,1 | 8,6 | 4,8 | 3,8 | 3,8 | 5,7 | 2,9 | 12,4 |

**Tafla 12. Aðfararbeiðnir o.fl. Fjöldi innkominna beiðna 2003**
*Table 12. Enforcement petitions, etc. before District Courts. Number of petitions received 2003*

| | Alls *Total* | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárnám *Executions (on money judgements)* | 228 | 147 | 47 | 4 | 5 | 2 | 6 | 5 | 12 |
| Útburður *Evictions* | 287 | 187 | 54 | 5 | 8 | 5 | 10 | 1 | 17 |
| Innsetning *Dispossessions* | 69 | 44 | 17 | 6 | 1 | – | – | – | 1 |
| Annað *Other* | 3 | 2 | – | – | – | – | 1 | – | – |
| **Samtals *Total*** | **587** | **380** | **118** | **15** | **14** | **7** | **17** | **6** | **30** |
| Hlutfallsleg skipting *Percent distribution* | 100,0 | 64,7 | 20,1 | 2,6 | 2,4 | 1,2 | 2,9 | 1,0 | 5,1 |

## Tafla 13. Ágreiningsmál um fullnustugerðir. Fjöldi innkominna mála 2003

*Table 13. Special court cases regarding disputes concerning enforcement actions, etc. Number of cases received 2003*

| | Alls *Total* | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **158** | **83** | **29** | **3** | **5** | **6** | **14** | **4** | **14** |
| Ágreiningsmál vegna *Disputes concerning*: | | | | | | | | | |
| Kyrrsetningar/lögbanns *Attachments/injunctions* | 6 | 5 | – | – | – | 1 | – | – | – |
| Skipta á dánarbúum o.fl. *Estates of deceased pers., etc.* | 22 | 10 | 3 | 1 | 1 | 1 | 3 | – | 3 |
| Þinglýsinga *Registrations of property* | 14 | 7 | 3 | 1 | – | 1 | 1 | – | 1 |
| Gjaldþrotaskipta Bankruptcies | 52 | 28 | 8 | 1 | 2 | 2 | 10 | 1 | – |
| Aðfarargerða o.fl. *Executions, etc.* | 39 | 22 | 10 | – | 1 | 1 | – | 2 | 3 |
| Nauðungarsölu *Forced auctions* | 25 | 11 | 5 | – | 1 | – | – | 1 | 7 |

## Tafla 14. Aðrir málaflokkar. Fjöldi innkominna mála 2003

*Table 14. Other matters before District Courts. Number of cases received 2003*

| | Alls *Total* | Reykja-vík | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suður-land |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **496** | **312** | **88** | **12** | **8** | **7** | **27** | **12** | **30** |
| Bráðabirgðaforsjá og farbann | | | | | | | | | |
| *Temporary custody of* | | | | | | | | | |
| *children and restriction of travel* | 36 | 24 | 10 | – | – | – | – | – | 2 |
| Greiðslustöðvunarbeiðnir *Petitions for moratorium* | 29 | 11 | 2 | – | 1 | 1 | 1 | 1 | 12 |
| Matsbeiðnir *Petitions for appraisals* | 221 | 146 | 43 | 7 | 3 | 1 | 7 | 5 | 9 |
| Nauðasamningsumleitanir *Petitions for composition* | 21 | 10 | 2 | – | 1 | – | 4 | 1 | 3 |
| Sjópróf *Maritime inquiries* | 5 | – | 3 | 1 | – | – | – | 1 | – |
| Vitnamál *Witness testimony* | 55 | 38 | 11 | 1 | 1 | – | 2 | 2 | – |
| Skv. lögum um horfna menn | | | | | | | | | |
| *Cases acc. to the Missing Persons Act* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Skv. lögum um gerðardóma | | | | | | | | | |
| *Cases acc. to the Arbitration Act* | 31 | 15 | 9 | 2 | – | 1 | 4 | – | – |
| Lögræðismál *Cases of legal competence* | 89 | 59 | 8 | 1 | 2 | 4 | 9 | 2 | 4 |
| Flýtimeðferð o.fl. | | | | | | | | | |
| *Priority procedure of civil cases* | 8 | 8 | – | – | – | – | – | – | – |
| Barnaverndarmál *Child protection cases* | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | – |

## Summary

There are eight District Courts in the Icelandic jurisdictional system. The tables show legal proceedings in 2003, the number of cases received, the number of cases concluded and pending, and the outcome of concluded cases. District Court cases can be divided into two main categories; civil cases and criminal cases. Tables 2–4 show civil cases, both orally pleaded and pleaded on the basis of default. Tables 5–7 show criminal cases, filed by the Prosecutor General and by Police commissioners. Other tables show various cases and petitions, e.g. the number and outcome of bankruptcy petitions against private persons and legal persons.

A total of 22,397 civil cases were concluded in District Courts in 2003. The number of concluded cases increased significantly in the years 2001–2003 in comparison with previous years. The number of criminal cases concluded at the District Courts in 2003 was 9,143, whereof 98% came from the Police Commissioners and 1–2% came from the Prosecutor General. A total of 1,078 bankruptcies were decreed by the District Courts, whereof 390 cases were bankruptcy petitions against private persons and 688 against legal persons.

Data for the years 1993–2002 are available under statistics on the website of Statistics Iceland, www.statice.is

Hagtíðindi
Statistical Series

**Félags- heilbrigðis- og dómsmál**
***Health, social affairs, justice***

89. árgangur nr. 19 2004:1
ISSN 0019–1078 ISSN 1670–4673 (pappír *paper*) • ISSN 1670–4681 (pdf)
Verð ISK 800 *Price EUR 9*
Umsjón *Supervision* Edda Hermannsdóttir • edda.hermannsdottir@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*